

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Laugar, L166798.

Um er að ræða deiliskipulag fyrir Laugar, L166798. Deiliskipulagið tekur til 1,2 ha svæðis undir 3 gestahús og er gert ráð fyrir að stærð hvers húss geti verið allt að 80 m² með mænishæð allt að 6,0 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. maí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2020